

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Hjálparsjóð Sjálfsbjargar
á Akureyri og nágrenni, nr. 513/2009.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinna verði svohljóðandi:

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.300.000 sem er framlag stofnenda sjóðsins.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hann kann að eignast síðar. Engin séréttindi í sjóðnum tilheyra stofnanda hans.

Ekki er heimilt að skerða höfuðstól sjóðsins. Allar gjafir sem sjóðnum berast skulu leggjast við höfuðstólinn. Því eru einungis vaxtatekjur sjóðsins til styrkveitinga ár hvert. Þó er sjóðstjórn heimilt að fresta úthlutun eithvert árið og leggja við úthlutunararfé næsta árs.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir, Hjálparsjóð Sjálfsbjargar á Akureyri og nágrenni staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 14. maí 2019,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2019